

## Fundargerð skólaráðs Víkurskóla

Dagsetning: 13. maí 2026

Fundarstjóri: Þuríður Óttarsdóttir

Fundarritari: Vala Nönn Gautsdóttir

### Mættir:

- Loftur Þ. Guðmundsson
- Fiona Elizabeth Oliver
- Harpa Guðrún Baldvinsdóttir (9. bekkur)
- Jón Bjartur Atlason (10. bekkur)
- Ólafur Vilhelm Jónsson (8. bekkur)
- Atli Már Jónsson

---

### Helstu málefni

#### 1. Skipulag næsta skólaárs

Farið var yfir mönnun og stundaskrárbreytingar. Tímum í náttúrufræði fjölgar í 3 tíma í 10. bekk og list- og verkgreinatímum fjölgar í 3 tíma í 9. bekk. Rætt var um að hafa lífsleikni sem sérslag og breyta fyrirkomulagi umsjónar í aldursblandaða hópa. Skoðað er að bæta við fjórða kennara í Uglur, endurvekja „Núllið“ og innleiða velsældarkennslu. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda í Valveri.

#### 2. Framkvæmdir fram undan

Viðhaldsverkefni innanhúss voru reifuð, gólf verða bónuð og stigar lakkaðir. Tilfærslur verða á tónlistarstofu og litlu ræktinni, og Renate færir að öllum líkindum í tónlistarstofu og hennar stofa 101 mun tilheyra Valverinu.

#### 3. Skipulag á vordögum

Farið var yfir dagskrá maí og júní. Helstu atriði eru umhverfisdagur 22. maí, fyrirlestur um ofbeldi 27. maí og vordagur 8. júní, útskrift tíunda bekkjar er 9. júní kl. 14 og svo eru nemendastýrð viðtöl 10. júní þar sem nemendur sýna foreldrum hæfnikortin sín.

#### 4. Góðgerðardagar

Góðgerðardagar verða 4.–6. júní. Áttundi bekkur hefur forgang í heimilisfræðistofuna, en aðrir nemendur undirbúa sölonýjungar heima. Opið hús verður laugardaginn 6. júní (kl. 11–13).

## 5. Útskrift

Útskrift 10. bekkjar verður 9. júní kl. 14:00 í íþróttahúsinu. Dagskráin inniheldur ræður og tónlist. Foreldrafélagið gefur rósir.

## 6. Önnur mál

- **Valgreinar:** Rætt var um framboð valgreina á næsta ári en þar sem það á að bæta við tímum í náttúrufræði og list- og verkgreinum, ásamt umsjón þá fækkar valgreinum í öllum árgöngum.
- **Námsumsjónarkerfi:** Rætt um flutning yfir í námsumjónarkerfið Námfús. Reykjavíkurborg vinnur að útboði en breytinga er ekki að vænta fyrr en eftir tvö ár.
- **Símabann:** Skólinn heldur sínum reglum óbreyttum þar til nýjar línur berast frá yfirvöldum.
- **Kunnáttukort:** Mikil ánægja er með kortin í stærðfræði og náttúrufræði. Nemendur vilja sjá þetta í Uglum líka, sundurliðað eftir fögum þar sem lokaekunn reiknast jafnóðum.
- **Skemmdarverk:** Rætt um skemmdarverk á salernum sem unnin voru í gær. Einnig var rætt um skápamálin en búið er að brjóta hurðir af mjög mörgum skápum